ARNARSKÓLI

# ÁRSSKÝRSLA 2020-2021

## Efnisyfirlit vorskýrslu


Um Arnarskóla ........ 2
- Nemendahópurinn 2020-21 ........ 2
- Starfsmannahópurinn 2020-21 ........ 2

Covid og áhrif á skólastarfið ........ 6

Framkvæmdir ........ 6

Faglegt starf ........ 6

Innra mat ........ 7
- Ígrundun á kennsluháttum. ........ 7
  - Niðurstöður/Umfjöllun: ........ 7
  - Umbætur ........ 7
- Rýnihópur um námsframvindu. ........ 8
  - Niðurstöður/umfjöllun: ........ 8
  - Umbætur ........ 11
- Rýniteymi um starfshætti skólans: ........ 11
  - Niðurstöður/umfjöllun ........ 11
  - Umbætur ........ 11
- Starfsviðtöl og matslistar ........ 11
  - Helstu niðurstöður: ........ 11
  - Niðurstöður og umbætur: ........ 16
- Matslistar til foreldra ........ 17
  - Helstu niðurstöður ........ 17
  - Niðurstöður/umfjöllun: ........ 22
- Mat á ánægju nemenda. ........ 23
  - Niðurstöður ........ 23
- Rýnihópur fólks með þroskafrávik á kennslu- og starfshætti skólans: ........ 23
  - Niðurstöður ........ 23

## Um Arnarskóla

Arnarskóli býður upp á heildstæða þjónustu fyrir fötluð börn á grunnskólaaldri með einhverfu og/eða önnur þroskafrávik. Skólinn er sjálfseignarstofnun þar sem boðið er upp á sveigjanleika og sérþekkingu sem þarf til að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Skólinn býður upp á heildstæðan skóla allan ársins hring og lögð er áhersla á að þjónustu byggða á sérfræðikunnáttu bæði í skóla og frístundastarfi. Til að ná þessu markmiði er sami starfsmannahópur fagmenntaðra sem kemur að öllu starfi skólans og skólinn býður upp á þjónustu alla virka daga á ári.

Arnarskóli er viðbót við fjölbreytta flóru skóla sem í boði eru fyrir fötluð börn á Íslandi þannig að koma megi betur til móts við þarfir sem flestra.

## Nemendahópurinn 2020-21

Fjölbreyttur hópur nemenda stundaði nám við Arnarskóla veturinn 2020-21. Nemendur voru á öllum bekkjarstigum frá 1.-10.bekk, samtals 29 nemendur. Yfirlit yfir bekkjardeildir er eftirfarandi:

| Bekkjardeild | Fjöldi | Bekkjardeild | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| 1.bekkur | 4 | 6.bekkur | 4 |
| 2.bekkur | 5 | 7.bekkur | 2 |
| 3.bekkur | 1 | 8.bekkur | 4 |
| 4.bekkur | 4 | 9.bekkur | 1 |
| 5.bekkur | 3 | 10.bekkur | 1 |

## Starfsmannahópurinn 2020-21

Við upphaf haustannar var breiður starfsmannhópur við skólann og eftirfarandi listi skv starfsáætlun

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Agatha Alexandersdóttir | Stuðningsfulltrúi | 70 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Andri Þór Helgason | Stuðningsfulltrúi | 100 | Framhaldsskólastig | Stúdentspróf |
| Anna Þóra Grétarsdóttir | Tengill/ Þroskaþjálfi | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BA |
| Ari Guðmundsson | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Atli Magnússon | Framkvæmdarstjóri/ Atferlisfræðingur | 100 | Háskólastig | Meistaragráða |
| Auður María Óskarsdóttir | Stuðningsfulltrúi | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Bára Sæmundsdóttir | Tengill | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Bergdís Rán Jónsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Björg Leifsdóttir | Skrifstofa/bókhald | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Dagný Birna Indriðadóttir | Stuðningsfulltrúi | 100 | Framhaldsskóli | Ófaglærð |
| Elma Dögg Birgisdóttir | Tengill | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Erla Ástrós Jónsdóttir | Stuðningsfulltrúi | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Erla Rut Eggertsdóttir | Tengill | 90 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Erna Dögg Pálsdóttir | Tengill | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Gabríel Sindri Möller | Stuðningsfulltrúi | 100 | Framhaldsskólastig | Stúdentspróf |
| Guðmundur H Ásgeirsson | Matreiðslumaður | 100 | Háskólastig | Meistaragráða |
| Hafdís María Martinsdóttir | Tengill | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Hafrún Tryggvadóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Harpa Bjarnadóttir | Stuðningsfulltrúi | 56 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Harpa Tanja Unnsteinsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Heba Björg Þórhallsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Helene Jóhannsson | Kennari/tengill | 88 | Háskólastig | Kennsluréttindi |
| Helga Margrét Haraldsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Meistaragráða |
| Herdís Ásta Pálsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hlynur Bjarnason | Stuðningsfulltrúi | 50 | Framhaldsskólastig | Stúdentspróf / ófaglærður |
| Hulda María Þorbjörnsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Inga Lóa Karvelsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Ingibjörg Gunnarsdóttir | Stuðningsfulltrúi | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Ingunn Brynja Einarsdóttir | Atferlisfræðingur | 100 | Háskólastig | Meistaragráða |
| Jónína Kristbjörg Björnsdóttir | Tengill | fæðingarorlof | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Kristín I. Tómasdóttir | Eldhús | 50 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Laura Carolina Acosta Gomez | Tengill | 90 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Lena Egilsdóttir | Tengill | 80 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Lilja Dís Þórisdóttir | Stuðningsfulltrúi | 100 | Framhaldsskóli | Stúdentspróf / Ófaglærð |
| Linda Guðmundsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Lovísa Ösp Hlynsdóttir | Tengill | 60 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Maria Carolina Willassen | Stuðningsfulltrúi | 100 | Framhaldsskólastig | Stúdentspróf / Ófaglærð |
| María Lovísa Breiðdal | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| María Sigurjónsdóttir | Fagstjóri/ Atferlisfræðingur | 100 | Háskólastig | Meistaragráða |
| Ólöf Björnsdóttir | Umsjónarkennari | 80 | Háskólastig | Meistaragráða/ Kennsluréttindi |
| Ólöf Rún Jónsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Óskar Andri Ólafsson | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Patrekur Gunnlaugsson | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Rafn Emilsson | Skólastjóri | 100 | Háskólastig | Meistaragráð a/ Kennsluréttin di |
| Ragnheiður Jónsdóttir | Stuðningsfulltrúi | 100 | Ófaglærð | Ófaglærð |
| Salvör Ágústa Ófeigsdóttir | Tengill | 75 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Sara Ólafsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Sigríður Jóna Gunnarsdóttir | Umsjónarkennari | 40 | Háskólastig | Meistaragráð a/ Kennsluréttin di |
| Sonja Kaldalóns Þórhallsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Sólrún Skaptadóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Steinunn Hafsteinsdóttir | Fagstjóri/Atferlisfræðing ur | 100 | Háskólastig | Meistaragráð a |
| Sæunn Ragnarsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Meistaragráð a |
| Valdemar Geir Gunnarsson | Stuðningsfulltrúi | 100 | Framhaldsskóli | Stúdent/ Ófaglærður |
| Þorleifur Baldvinsson | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |
| Þórunn Sif Guðlaugsdóttir | Tengill | 100 | Háskólastig | Faglærð/ur BSc |

## Covid og áhrif á skólastarfið

Heimsfaraldur Covid hafði áhrif á starfsemi Arnarskóla með margvíslegum hætti á skólaárinu. Skólanum var skipt í sóttvarnarhólf megnið af skólaárinu, sóttvarnarhólf voru mest 6 við lok vorannar 2020 en á árinu 2020-21 voru hólfin ýmist tvö eða þrjú megnið af skólaárinu þó veturinn hafi byrjað í einu hólfi og honum lokið í einu hólfi. Megnið af vetrinum borðuðu nemendur ekki í matsalnum heldur við sitt skrifborð og starfsfólki var skipt í hópa eftir sóttvarnarhólfum á kaffistofur og salerni. Verklagsreglur og sóttvarnir voru skerptar á umgengni við mat, starfsfólk bar grímur megnið af vetrinum reynt var að fækka sameiginlegum snertiflötum eins og mögulegt var og fyllsta hreinlætis gætt.

Skólanum tókst að halda uppi nánast óskertri starfsemi í gegnum Covid faraldurinn á árinu, skóladagur var þó skertur í 12 daga þar sem var opið frá 9-16 og í 4 daga þar sem opið var 9-15. Þessa fjóra daga (fyrir páskafrí) var öllum skólum á landinu lokað vegna nýrrar bylgju Covid. Arnarskóli sótti um og fékk undanþága frá þeim reglum og fékk heimild til að halda uppi skóla og frístundarstarfi að því gefnu að ýtrustu sóttvarnarreglum væri fylgt og var eini skólinn á landinu sem var opinn þessa daga. Mönnun starfsfólks var snúin á Covid tímum, starfsfólk hélt sig heima við minnstu kvefeinkenni og vegna sóttvarnarhólfa var ekki hægt að jafna álag á milli hópa. Það kom því fyrir nokkra daga á árinu að foreldrar þurftu að sækja suma nemendur fyrr heim í skólann vegna þess að ekki tókst að manna kennslu.

## Framkvæmdir

Framkvæmdir á húsnæði skólans fóru fram á skólaárinu, skólalóð var girt á haustönn og rólum komið upp ásamt því að starfsmannaaðstaða var bætt. Til þess að það væri mögulegt og til þess að gæta að sóttvörnum þá voru fengnir þrír gámar/stofur sem var komið fyrir á skólalóðinni og þrír salernisgámar. Þessi aðstaða var notuð fyrir starfsfólk sem salernisaðstaða og undirbúningsaðstaða frá  nóvember og fram í maí. Í maí var glæsileg starfsmannaaðstaða opnuð sem gerir það mögulegt að fara næst í frekari framkvæmdir á skólastofum og sal skólans.

## Faglegt starf

Starf skólans byggðist upp með hefðbundnum hætti fagteyma eins og gert er grein fyrir í starfsáætlun skólans þar sem atferlisfræðingur, umsjónarkennari og tengill unnu saman að einstaklingsnámskrá hvers nemanda og skipulögðu skólastarfið. Sigríður Jóna sérkennari og Ólöf, umsjónar og íþróttakennari sinntu kennslu en voru gjarnan bundnar í ákveðin sóttvarnarhólf og gátu því ekki sinnt lestrar, stærðfræði og íþrottakennslu í eins mörgum hópum og til stóð fyrir veturinn heldur sinntu færri hópum hverju sinni en meira hverjum hóp á hverju tímabili.

Unnið var að rannsóknum með Háskólunum, bæði HÍ og HR. Gerð var athugun á kennsluefni Morningside í stærðfræði (BS verkefni), Erna starfsmaður og MS nemi í atferlisgreininu gerði rannsókn tengda greiningu á krefjandi hegðun og hvernig þörfum

nemenda er mætt í framhaldinu. Einnig var unnið að því að safna upplýsingum á kennslu í aðgreiningu hjá nemanda í samstarfi við HR og stefnt er að frekari rannsóknum á því sviði í framhaldinu.

Arnarskóli var með samstarfssamninga bæði við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands varðandi námsbrautir í hagnýtri atferlisgreiningu. HÍ nemar sóttu starfsþjálfun í Arnarskóla og nemar HR sem störfuðu í Arnarskóla gátu sótt ákveðinn fjölda kennslustunda á vinnutíma, unnið ákveðin verkefni á vinnutíma með nemendum skólans og safnað BCBA handleiðslutímum. Til viðbótar við samstarf við háskólana voru lögð drög að formlegu samstarfi við Morningside Academy í Seattle, Andrew Kieta mun heimsækja Arnarskóla á komandi skólaári og unnið verður frekar að þessu samstarfi.

## Innra mat

Innra mat skólans skv starfsáætlun var eftirfarandi:

### Ígrundun á kennsluháttum.

Úr starfsáætlun: *Stjórnendur munu taka þátt í kennslustundum í hverjum kennsluhóp einu sinni í viku. Í ígrundunarkennslustundum þá speglar starfsfólk sig í gildum skólans og leggur mat á það hvernig má byggja upp kennslu þannig að unnið sé eftir gildunum. Endurgjöf er veitt á kennsluaðferðir sem byggja á ákveðnu verklagi (aðgreindar kennsluæfingar, Stýrð kennsla og Hnitmiðuð færniþjálfun). Einnig er hópurinn í heild ásamt nemendum að velta vöngum yfir markmiðum og leiðum í kennslu. Til að meta ágæti kennslustunda verður gögnum safnað um hverja kennslustund.*

### Niðurstöður/Umfjöllun:

Stjórnendur fylgdust reglulega með kennslustundum yfir veturinn. Vegna Covid og sóttvarnarhópa þá komu þó tímabil þar sem þessar áhorfsstundir voru færri en stefnt var að. Gögnum var safnað með matslistum í áhorfsstundum. Í áhorfsstundum voru aðgreindar kennsluæfingar gerðar rétt skv matslista í yfir 80% tilfella. Helstu villur hjá starfsfólki voru leiðréttingar á villum skv verklagi. Í öllum kennslustundum sem fylgst var með einkenndi hvatning og hrós kennslustundirnar og gleði nemenda.

### Umbætur

Helstu umbætur sem þarf að ráðast í á komandi skólaári er að festa í sessi það verklag sem lýst er í starfsáætlun og halda áfram að afla upplýsinga með þeim hætti sem gert var á skólaárinu en með reglulegri hætti en náðist að gera vegna Covid. Við starfsþjálfun þarf sérstaklega að huga að þjálfun við að leiðrétta villur hjá nemendum með réttum hætti þegar kennt er með aðgreindum kennsluæfingum.

| Þáttur | Umbætur | Ábyrgðaraðili |
|---|---|---|
| Ígrundunarkennsla | Fjölga áhorfsstundum stjórnenda | Framkvæmdarstjórn<br>Vaktstjórar |

## Rýnihópur um námsframvindu.

Úr starfsáætlun: *Í Arnarskóla er svokallaður rýnihópur um námsframvindu. Rýnihópnum er ætlað að veita endurgjöf á starfshætti fagstjóra og kennara með það að leiðarljósi að bregðast fljótt við ef kennsla eða önnur þjálfun er ekki að skila árangri. Gögnum er safnað um námsframvindu allra námshópa og þau kynnt skólaráði.*

## Niðurstöður/umfjöllun:

Gögnum var safnað um námsframvindu miðað við einstaklingsnámskrár. Samantekt á þessum gögnum er meðfylgjandi og sýnt er hlutfall námsmarkmiða af heildarfjölda þar sem a) markmiðum er náð b) nemandi hefur sýnt framfarir en ekki enn náð námsviðmiðum skv einstaklingsnámskrá c) Nemanda hefur farið aftur í færni d) markmið eru í bið og kennsla hefur ekki enn hafist á því markmiði.

Miðað er við að gögn séu dregin saman við fjórða ársfjórðung á hverri einstaklingsáætlun. Hluti nemenda í Arnarskóla hefur nýlega hafið nám við skólann og þar af leiðandi ekki lokið fjórða ársfjórðungi á einstaklingsnámskrá. Vegna þessa eru gögn skekkt að hluta og fjöldi námsmarkmiða sem eru í bið og fjöldi markmiða sem nemendur hafa sýnt framfarir en ekki enn náð námsmarkmiðum eru fleiri en þau væru við fjórða ársfjórðung. Gögn eru sýnd miðað við bekki/námshópa.







Keilir
Markmiðum náð
Framfarir á markmiðum
Stóð í stað
Afturför á markmiðum
Markmið Í bið


Baula
Markmiðum náð
Framfarir á markmiðum
Stóð í stað
Afturför á markmiðum
Markmið Í bið


Ljósufjöll
Markmiðum náð
Framfarir á markmiðum
Stóð í stað
Afturför á markmiðum
Markmið Í bið



Bláfell
Markmiðum náð
Framfarir á markmiðum
Stóð í stað
Afturför á markmiðum
Markmið Í bið

## Umbætur:

Rýnihópur um námsframvindu leggur ekki fram tillögur að umbótum heldur er lögð áhersla á það að safna áfram gögnum með sama hætti á komandi skólaári og þannig fá skýrari mynd af námsframvindu ólíkra hópa á milli starfsára.

| Þáttur | Umbætur | Ábyrgðaraðili |
|---|---|---|
| Námsmat/námsárangur | Ekki lagðar til umbætur. Áhersla á að safna áfram gögnum | Skólastjóri, tenglar |

## Rýniteymi um starfshætti skólans:

Úr starfsáætlun: *Í tengslum við mat á starfsháttum Arnarskóla hafa verið fengnir tveir utanaðkomandi sérfræðingar til þess að veita ráðgjöf og leggja mat á starfið. Þessir sérfræðingar eru Dr. Einar Þór Ingvarsson og Dr. Berglind Sveinbjörnsdóttir. Einar starfar sem Director of Clinical Services hjá Virginia Institute of Autism. Berglind er lektor í sálfræði í Háskólanum í Reykjavík og starfaði um árabil í New England Center for Children.*

## Niðurstöður/umfjöllun

## Umbætur

## Starfsviðtöl og matslistar.

Úr starfsáætlun**:** *Allt starfsfólk fær starfsviðtal þar sem farið er yfir leiðir og lausnir til að styrkja starf skólans og stuðla að vellíðan bæði nemenda og starfsfólks. Gögnum er safnað um þessar upplýsingar og eru þau notuð við gerð umbótaáætlunar.*

## Helstu niðurstöður:

| Þáttur/spurning | *Viðunandi* | *Þarfnast umbóta* |
|---|---|---|
|  | | |
|  | | |

Ég hef tækifæri til að hafa áhrif á starfið í skólanum.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 7 |
| Sammála | 21 |
| Hlutlaus | 3 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég fæ hvatningu til að sækja mér aukna þekkingu.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 9 |
| Sammála | 16 |
| Hlutlaus | 4 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 1 |



Ég hef tækifæri til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfinu.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 14 |
| Sammála | 13 |
| Hlutlaus | 1 |
| Ósammála | 3 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 14 |
| Sammála | 14 |
| Hlutlaus | 2 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Hæfni mín er vel nýtt í starfi.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 10 |
| Sammála | 17 |
| Hlutlaus | 3 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 0 |



Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 14 |
| Sammála | 14 |
| Hlutlaus | 1 |
| Ósammála | 2 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég hef mikinn áhuga á starfinu.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 19 |
| Sammála | 11 |
| Hlutlaus | 1 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Álag í starfinu mínu er:

More Details | Insights

| | |
|---|---|
| Allt of lítið | 0 |
| Of lítið | 0 |
| Passlegt | 10 |
| Of mikið | 18 |
| Allt of mikið | 3 |



. Ég fæ hvatningu og hrós frá samstarfsfólki.

More Details | Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 5 |
| Sammála | 19 |
| Hlutlaus | 5 |
| Ósammála | 2 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Mér gengur vel að vinna með næstu samstarfsmönnum mínum.

More Details

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 12 |
| Sammála | 18 |
| Hlutlaus | 1 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég hef orðið fyrir einelti af hálfu samstarfsfólks á síðastliðnu ári (Hér er með orðinu einelti átt við síendurtekið baktal, útilokun, særandi ummæli).

More Details | Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 1 |
| Sammála | 1 |
| Hlutlaus | 6 |
| Ósammála | 6 |
| Mjög ósammála | 17 |



. Leitað er lausna í ágreiningsmálum sem upp koma.

More Details

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 1 |
| Sammála | 15 |
| Hlutlaus | 9 |
| Ósammála | 6 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Tekið er vel á móti nýju starfsfólki.

More Details | Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 13 |
| Sammála | 16 |
| Hlutlaus | 0 |
| Ósammála | 2 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Starfsfólk í skólanum miðlar þekkingu sín á milli.

More Details | Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 6 |
| Sammála | 21 |
| Hlutlaus | 4 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Ég er ánægð(ur) með vinnuaðstæður mínar í skólanum.

More Details

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 4 |
| Sammála | 15 |
| Hlutlaus | 4 |
| Ósammála | 8 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Ég hef þann tækjakost sem ég þarf að nota í skólanum.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 3 |
| Sammála | 20 |
| Hlutlaus | 6 |
| Ósammála | 2 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Vinnusemi er góð í skólanum.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 8 |
| Sammála | 19 |
| Hlutlaus | 3 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Mér gengur vel að vera í samskiptum við foreldra.

More Details

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 10 |
| Sammála | 17 |
| Hlutlaus | 4 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Foreldrar hafa sýnt óviðeigandi hegðun gagnvart mér.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 0 |
| Sammála | 0 |
| Hlutlaus | 2 |
| Ósammála | 5 |
| Mjög ósammála | 24 |



. Stjórnendur sýna áhuga á því sem ég geri.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 9 |
| Sammála | 16 |
| Hlutlaus | 3 |
| Ósammála | 3 |
| Mjög ósammála | 0 |



. Ég er ánægð(ur) með stefnu skólans.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 13 |
| Sammála | 16 |
| Hlutlaus | 2 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Lögð er áhersla á árangur í skólastarfinu.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 14 |
| Sammála | 17 |
| Hlutlaus | 0 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég er ánægð(ur) með stjórnun skólans.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 10 |
| Sammála | 14 |
| Hlutlaus | 5 |
| Ósammála | 2 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég fæ hvatningu frá stjórnendum.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 7 |
| Sammála | 20 |
| Hlutlaus | 1 |
| Ósammála | 3 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég ber traust til stjórnenda skólans.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 13 |
| Sammála | 14 |
| Hlutlaus | 3 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 0 |



Stjórnendur eru sýnilegir í skólanum.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 10 |
| Sammála | 13 |
| Hlutlaus | 6 |
| Ósammála | 2 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég fæ tækifæri til að viðhalda og bæta þekkingu mína.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 5 |
| Sammála | 16 |
| Hlutlaus | 9 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ég fæ leiðsögn þegar ég þarf á henni að halda.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 12 |
| Sammála | 15 |
| Hlutlaus | 3 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 0 |









## Niðurstöður og umbætur:

Helstu þættir í starfsmannakönnun koma vel eða viðunandi út. Tveir þættir er metnir þannig að mikilvægt sé að huga að umbótum.

1) Lausnir við ágreiningi. Athugasemdir koma fram um að ekki sé leitað lausna á ágreiningi á tilskildum tíma. Fyrir skólaárið var búið að festa í sessi verklag með fundi, samskipti og verklagsreglur vegna ágreinings. Vegna ýmissa sóttvarnarráðstafana þá var fundarhald, heimsóknir í skólastofur og annar stuðningur við starfsfólk ekki með þeim hætti sem almennt verklag gerir ráð fyrir. Það er því lagt til að fylgja núverandi verklagi áður en ráðist er í breytingar og gert er grein fyrir þessu verklagi í starfsmannahandbók.

2) Álag í starfi. Stór hluti starfsfólks telur að það sé mikið álag í starfinu. Fyrir veturinn 2020-21 var búið að gera aðgerðaáætlun til að bregðast við álagi í starfi. Á skólaárinu 2020-21 einkenndist starfið að ýmsum ráðstöfunum vegna covid 19 sem gerðu það að verkum að álag jókst. Það er því lagt til að ráðast í sambærilegar aðgerðir og til stóð og endurmeta svo bæði álag og aðgerðir á komandi skólaári.

| Þáttur | Umbætur | Ábyrgðaraðili |
|---|---|---|
| Úrræði við ágreiningi | • Gætt að því að allir starfsmenn fái samtal við stjórnanda reglulega um stöðu og líðan í starfi (lágmark 8 vikna fresti)<br>• Brugðist við skv verkferlum í starfsmannahandbók ef tilefni er til skv starfsmannasamtali. | Framkvæmda -stjórn |
| Álag í starfi | • Stytting vinnuviku, stöðugildum kennara fjölgað.<br>• Viðbragðsáætlun vegna undirmönnunar mótuð.<br>• Eftirlit með álagi á milli kennslustofa aukið og álag jafnað á milli kennslustofa ef veikindi koma up.<br>• Kaffitímum fjölgað fyrir stuðningsfulltrúa (lokið) | Framkvæmda -stjórn |

| | | |
|---|---|---|
| | • Ígrundunarkennslustundir 2x í viku þar sem stjórnendur aðstoða og veita endurgjöf.<br>• Auka kaffitímar á álagstímum. | |
| Bættar vinnuaðstæður | • Framkvæmdaáætlun liggur fyrir.<br>• Framkvæmdir á starfsmannaðstöðu lokið júní 2021.<br>• Frekari framkvæmdir á skólastofum lokið haust 2021. | Framkvæmda-stjórn |

## Matslistar til foreldra.

***Úr starfsáætlun:** Allir foreldrar fá tækifæri til að svara matslista sem ætlað er að leggja mat á hvað gengur vel í skólastarfinu og hvað má betur fara. Gögnum er safnað um þessar upplýsingar og eru þau notuð við gerð umbótaáætlunar.*

## Helstu niðurstöður

| Þáttur/spurning | *Viðunandi* |
|---|---|
|  | |
|  | |
|  | |

Ég fæ reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur barnsins míns.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 18 |
| Sammála | 6 |
| Hlutlaus | 1 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 0 |



Námslegum þörfum barnsins er mætt.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 17 |
| Sammála | 7 |
| Hlutlaus | 2 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins?

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 25 |
| Ánægð(ur) | 1 |
| Hlutlaus | 0 |
| Óánægð(ur) | 0 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



Ég er almennt ánægð(ur) með samskipti starfsmanna við nemendur.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 22 |
| Sammála | 4 |
| Hlutlaus | 0 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Hversu vel eða illa telurðu að barninu þínu líði almennt í skólanum?

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög vel | 22 |
| Vel | 3 |
| Hlutlaus | 1 |
| Illa | 0 |
| Mjög illa | 0 |



Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?

More Details

| | |
|---|---|
| Já frá starfsmanni | 0 |
| Já frá nemanda | 0 |
| Nei | 20 |
| Veit ekki | 4 |
| Other | 2 |



. Barnið vill mæta í skólann.

More Details  Insights

| | |
|---|---|
| Alltaf | 21 |
| Stundum | 3 |
| Mismunandi | 2 |
| Sjaldan | 0 |
| Aldrei | 0 |



. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir kennslu?

More Details  Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 13 |
| Ánægð(ur) | 11 |
| Hlutlaus | 2 |
| Óánægð(ur) | 0 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir frímínútur?

More Details  Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 13 |
| Ánægð(ur) | 9 |
| Hlutlaus | 3 |
| Óánægð(ur) | 1 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir sérgreinar (íþróttir, list- og verkgreinar)?

More Details  Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 12 |
| Ánægð(ur) | 3 |
| Hlutlaus | 11 |
| Óánægð(ur) | 0 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með aðstöðu fyrir frístund?

More Details  Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 12 |
| Ánægð(ur) | 9 |
| Hlutlaus | 5 |
| Óánægð(ur) | 0 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



. Hversu ánægð(ur) eða ónægð(ur) ertu með máltíðir í skólanum?

More Details   Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 16 |
| Ánægð(ur) | 9 |
| Hlutlaus | 0 |
| Óánægð(ur) | 1 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



. Hversu ánægð(ur) eða ónægð(ur) ertu með kostnað vegna máltíða?

More Details   Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 11 |
| Ánægð(ur) | 10 |
| Hlutlaus | 3 |
| Óánægð(ur) | 1 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með frístund?

More Details   Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 15 |
| Ánægð(ur) | 10 |
| Hlutlaus | 1 |
| Óánægð(ur) | 0 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með verð fyrir frístund?

More Details   Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 11 |
| Ánægð(ur) | 10 |
| Hlutlaus | 3 |
| Óánægð(ur) | 1 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |



. Mér finnst samskipti milli foreldra og starfsfólks vera...

More Details   Insights

| | |
|---|---|
| Of lítil | 0 |
| Lítil | 2 |
| Passleg | 19 |
| Mikil | 5 |
| Of mikil | 0 |



. Foreldrafundir eru ...

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Of sjaldan | 3 |
| Passlega oft | 23 |
| Of oft | 0 |



. Teluröu að þú hafir almennt mikil eða lítil áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólanum varðandi barnið þitt?

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Lítil | 0 |
| Passleg | 19 |
| Mikil | 7 |



. Leitað er eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 16 |
| Sammála | 6 |
| Hlutlaus | 3 |
| Ósammála | 1 |
| Mjög ósammála | 0 |



i. Starfsfólk leitar eftir mínum tillögum og hugmyndum varðandi ákvarðanir sem varða barnið mitt.

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 17 |
| Sammála | 8 |
| Hlutlaus | 1 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Ábendingar mínar eru teknar til greina

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög sammála | 20 |
| Sammála | 6 |
| Hlutlaus | 0 |
| Ósammála | 0 |
| Mjög ósammála | 0 |



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal/samtal sem þú fórst í?

More Details Insights

| | |
|---|---|
| Mjög ánægð(ur) | 18 |
| Ánægð(ur) | 8 |
| Hlutlaus | 0 |
| Óánægð(ur) | 0 |
| Mjög óánægð(ur) | 0 |















## Niðurstöður/umfjöllun:

Niðurstöður foreldrakönnunar voru almennt jákvæðar. Helst komu fram ábendingar í opnum spurningum sem bætt var inn í umbótaáætlun.

| Þáttur | Umbætur | Ábyrgðaraðili |
|---|---|---|
| Bætt aðstaða á bílaplani | Breytingar á plani og bætt aðkoma | Framkvæmdastjórn |
| Upplýsingar um starfsfólk | Upplýsa foreldra um að hægt sé að sjá myndir af starfsfólki á heimasíðu. | Umsjónarkennarar. Tenglar |

| | | |
|---|---|---|
| | Bæta við myndum af starfsfólki við skólastofur | |

## Mat á ánægju nemenda.

Úr starfsáætlun: *Margir nemendur í skólanum eiga erfitt með tjáningu. Á skólaárinu 2020-21 verður leitast við að finna leiðir til að safna gögnum um ánægju nemenda.*

### Niðurstöður:

Gögnum var safnað með beinu áhorfi um ánægju nemenda og hvort kennslustundir einkenndust af hvatningu í ígrundunarkennslustundum. Einnig var gögnum safnað frá foreldrum um ánægju nemenda og hvort nemendur væru ánægðir að mæta í skólann. Niðurstöður bæði úr foreldrakönnun og beinu áhorfi gáfu til kynna að flestir nemendur væru ánægðir í skólanum. Hafa þarf í huga að þessar mælingar geta verið ónákvæmar og mikilvægt er að leita áfram leiða til þess að finna leiðir til að meta ánægju nemenda. Á skólaárinu voru rannsóknarmöguleikar ræddir við háskólakennara í atferlisgreiningu um mögulegt samstarf til að meta áhrif á kennslu í notkun lyndistákna fyrir nemendur til að gefa til kynna hvernig líðan er.

| Þáttur | Umbætur | Ábyrgðaraðili |
|---|---|---|
| Ánægja nemenda | Ekki lagðar til umbætur. Áhersla á að safna áfram gögnum og finna frekari leiðir til að meta ánægju nemenda. | Framkvæmdastjórn |

## Rýnihópur fólks með þroskafrávik á kennslu- og starfshætti skólans:

Úr starfsáætlun: *Unnið er að mótun rýnihóps fólks með þroskafrávik sem ætlað er að veita skólanum endurgjöf á starfshætti. Tilgangur hópsins er að fá innsýn inn í starfið frá fólki með þroskafrávik sem hefur reynslu af því að vera nemendur í íslensku skólastarfi og með þessum upplýsingum fá hugmyndir að bættum starfsháttum Arnarskóla*

### Niðurstöður:

Vegna Covid-19 var ekki hægt að taka á móti rýnihóp í skólann á skólaárinu.